

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr 296

júní 2016



We Serve

Júní 2016. Blað nr. 296
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumðæmi 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs
International, gefið út í umboði
alþjóðastjórnar Lions á tuttugu
tungumálum: Dönsku, ensku,
farsi, finnsku, flæmsku,
frönsku, grísku, hollensku, íslensku,
ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku,
norsku, portúgölsku,
spænsku, sænsku, tælensku, tyrk

Útgefandi LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109. Tímaritið Lion kemur
út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Sóltúni 20, 105
Reykjavík er opin alla virka daga frá
kl. 09.00 til 14.00
Sími: 561 3122
Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is
Heimasíða Lions: lions.is
Skrifstofustjóri: Kolfinna
Guðmundsdóttir.



FJÖLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLUMDÆMIS 109
Starfsárið 2015 – 2016
Fjölumðæmisstjóri: Guðmundur Helgi
Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn
Umdæmisstjóri 109A: Jón Pálmason,
Lkl. Viðarri.
Umdæmisstjóri 109B: Stefán Árnason,
Lkl. Vitaðsgjafi.
Fjölumðæmisritari: Kristín
Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.
Fjölumðæmisgjaldkeri: Guðmundur
Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar
Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Tryggvi
Kristjánsson Lkl. Dalvíkur.
Vara fjölumðæmisstjóri: Árni
Brynjólfr Hjalton Lkl. Njarðvíkur
Protokol- og þingstjóri og NSR
Coordinator: Kristinn Hannesson,
Lkl. Mosfellsbæjar.
Alþjóðasamskipastjóri: Árni Viðar
Friðriksson, Lkl. Hængur.

Kynningarstjóri: Benjamín Jósefsson,
Lkl. Akraness.
Umhverfisstjóri: Kristófer A. Tómasson,
Lkl. Geysi
Ritstjóri Lion: Þorkell Cýrusson, Lkl.
Búðardals.
Netstjóri: Skúli Guðmundur
Ingvarsson, Lkl. Borgarness.
NSR 2017 formaður þingnefndar: Þór
Steinarsson, Lkl. Fjörgyn.
GLT stjóri (menntun og
leiðtogaþjálfun): Halldór
Kristjánsson,
Lkl. Ásbirni.
GMT stjóri: (útbreiðsl og fjölgun):
Guðrún Helga Óssuraradóttir, Lkl.
Seylu.
GMT/konur í Lions: Guðrún Björt
Yngvadóttir, Lkl. Eik
NSR-AU nefndarmaður/
Lestarátaksstjóri: Hrunn Hjaltadóttir,
Lkl. Fold.
Félagastjóri: Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl.
Embla
Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni
Þorsteinsson fyrrv.
alþjóðastjórnarmaður, Lkl.
Mosfellsbæjar.
Hjálparstjóri: Guðjón Jónsson, Lkl.
Seltjarnarness.
Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís
Þorsteinsdóttir, Lkl. Aesa.
Ungmennaverkefnastjóri: Anna
Kolbrún Árnadóttir, Lkl. Ylfa.
LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnar
maður:
Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl.
Mosfellsbæjar.
Afmælisnefnd Lions: Guðrún Björt
Yngvadóttir, Lkl. Eik
MedicAlert stjóri: Lúðvík Andreasson,
Lkl. Tý.
Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir,
Lkl. Ylfa.
Formaður Kjaransorðunefndar. Daníel
Þórarinnsson, Lkl. Nirði.
Laganefnd (form.): Kristinn
Kristjánsson, Lkl. Hveragerði
Lions Quest stjóri: Magnús J.
Magnússon, Lkl. Selfoss.
Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur
Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.
Skoðunarmaður (aðal): Daníel
Þórarinnsson, Lkl. Nirði.
Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.
Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.
Varaumðæmisstjóri 109A: Gunnar
Vilbergsson, Lkl. Grindavíkur.
Varaumðæmisstjóri 109B: Björg Bára



Fjölumðæmisstjóri ásamt umdæmisstjórum.

Halldórsdóttir, Lkl. Rán.
Varaumðæmisstjóri (annar) 109A:
Sveinn Ingi Lýðsson, Lkl. Álftaness.
Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: Björn
Guðmundsson, Lkl. Hæng.

Frankvæmdastjórn
Lionshreyfingarinnar 2015 – 2016:
International President: Dr. Jitsuhiro
Yamada Japan
Immediate Past President: Joseph
Preston USA
First Vice President: Robert E. Corlew
USA
Second Vice President: Naresh
Aggarwal Indland

First Year Directors
Melvin K. Bray,
Pierre H. Chatel,
Eun-Seouk Chung,
Gurcharan Singh Hora,
Howard Hudson,
Sanjay Khetan,
Robert M. Libin,
Richard Liebno,
Helmut Marhauer,
Bill Phillippi,
Lewis Quinn,
Yoshiyuki Sato,
Gabriele Sabatosanti Scarpelli,
Jerome Thompson,
Ramiro Vela Villarreal,
Roderick "Rod" Wright,
Katsuyuki Yasui.

Second Year Directors:
Svein Øystein Berntsen,
Jorge Andrés Bortolozzi,

Eric R. Carter
Charlie Chan,
Jack Epperson,
Edward Farrington,
Karla N. Harris
Robert S. Littlefield, Ph.D.
Ratnaswamy Murugan,
Yoshinori Nishikawa,
George Th. Papas,
Jouko Ruissalo,
N.S. Sankar,
A.D. Don Shove,
Kembra L. Smith
Dr. Joong -Ho Son
Linda L. Tinchler
Fábio de Almeida,
Lawrence A. „Larry“ Dicus
Roberto Fresia
Alexis Vincent Gomés
Chynthia B. Gregg,
Byung-Gi Kim
Ester LaMothe
Yves Léveillé
Teresa Mann
Raju V. Manwani
William A. McKinney
Michael Edward Molenda
John Pettis, Jr.
Robert Rettby,
Emine Oya Sebük
Hidenori Shimizu
Dr. Steven Tremaroli

Úpplag: 2400 eintök – Þökkun og
dreifing: Lionsklúbburinn Fjörgyn

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.
Forsíðumynd: Tekin í skúðgöngu fyrir
Lionsþingid í Mosfellsbæ.



Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Sjötta og síðasta blað starfsársins er nú komið út. Söfnun í þetta blað hefur gengið ágætlega þó svo að sumir klúbbar eru þegar komnir í sumarfrí. Nokkrar breytingar verða næsta vetur varðandi blaðið. Lionsklúbburinn Fjörgyn hefur séð um þökkun á blaðinu og að koma því í póst. Þetta er verkefni sem þeir tóku við af Lionsklúbbi Hafnarfjarðar og hafa sinnt í tvö ár. Ég kann þeim miklar þakkir fyrir en nú vantar klúbb eða féлага til að taka þetta að sér næsta starfsár og ég vona að einhverjir bjóði sig fram. Það hefur verið ákveðið að eitt blað sennilega nóvemberblaðið verði með öðru sniði og vona ég að félagar taki vel í það. Gamlir greinaþættir og vonandi einhverjir nýir verða í blaðinu næsta vetur og er ég alltaf opin fyrir nýjungum til að setja í blaðið og ég vona að þið kærur lesendur verði duglegir að senda mér hugmyndir um efni í blaðið. Að lokum þakka ég öllum þeim sem hafa verið að senda greinar í blaðið í vetur kærlega fyrir og óska að þeir haldi áfram að senda inn og eins komi fleiri með greinar í blaðið.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Skilafrestur á efni í næsta blað er 1. september

Hneigjum okkur Lionsfélagar, fyrir einstæðri þjónustu

Pistill frá alþjóðaforseta

Dr. Jitsuhiro Yamada

alþjóðaforseti



nú síðasta mánuð minn í Forsetaembættinu, Þá stend ég mig að því að skoða það sem liðið er en einnig það sem er framundan. Á þessu ári byggðum við á góðum grunni Lionsfélagana á liðnum árum. Við höldum áfram að bjarga mannlífum í gegnum mislingaátakið. Við höldum áfram sjónverndarátaki og við bættum nærsamfélagið á ótal vegu. Lionshreyfingin hélt einnig áfram baráttu sinni fyrir börnin. Í byrjun starfsársins hvatti ég Lionsfélagana til að berjast fyrir heilli barna og var það hluti af þema mínu "Virðing, samhljómur og mannúð". Það er

Margir Japanir taka sér til fyrirmyndar kenningar Konfúsíusar, og þá sérstaklega hugmyndin hans varðandi Onko Chisin. Þetta þýðir "Sá sem vill vita hvað mun verða þarf að íhuga hvað hefur þegar orðið." Jafn fágað og það er orðið í skrifum Konúsíusar, þá er hugmyndin einfaldlega heilbrigð skynsemi. Skoðun sem er viðurkennd um allan heim. Í sannleika sagt þá er hugmyndin einnig innifalin í okkar gamalreynnda Lionsmerki. Annað ljónið horfir afturábak meðan hitt horfir fram á veginn. Þegar ég byrja

hryggilegt að sjá að bylgjur flóttafólks í heiminum skuli vera stærri en sést hafa í áratugi. Lionshreyfingin hefur svarað kallinu af krafti með því að útvega matvæli, vatn og aðrar nauðsynjar. Góðverk eftir góðverk. Horft tilbaka til að undirbúa fyrir framtíðina hefur verið sérstaklega mikilvægt fyrir Lionshreyfinguna þar sem við nálgumst aldarafmælið. Lionshreyfingin hefur tekið stór skref í að nálgast Aldarafmælis þjónustumarkmiðið sem var að hafa lagt 100 milljón manns lið þann 30.júní 2018. Ég vil ekki blekkja okkur en ég er sannfærður um að við förum langt framúr því markmiði. Við þurfum líka að hafa hugrekki til að breyta og jafnvel hætta gömlum hefðum. Hreyfingin okkar þarf að geta þróast til að geta svarað kalli samtímans í þjóðfélaginu. Þetta getur verið sársaukafullt en við þurfum að hafa næstu kynslóðir í huga. Það hefur verið mikill heiður að þjóna sem Alþjóðaforseti. Á ferðum okkar höfum við Toshiko hitt þúsundir af hlýlegum og þakklátum Lionsfélögum sem hafa sýnt það besta í mannlegu hugarfari. Í Japan erum við hreykin af gestrisni okkar, en við Toshiko komumst í raun um að ekkert toppar Lionsgestrisnina. Okkur fannst aðdáunarvert hvað Lionsfélagarnir hafa helgað sig málstaðnum og hvað þeir hafa afrekað og eru vel metnir í sínu nærsamfélagi. Höldum áfram að leggja lið, veröldin þarfnast okkur sem aldrei fyrir síðustu hundrað árin.

Dr. Jitsuhiro Yamada
Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar
Þýðing: Geir Hauksson

Boðað til þings

Í samræmi við VI gr. annars hluta Alþjóðalaga Lions, boða ég formlega til 99. alþjóðþings Lions sem haldið verður í Fukuoka í Japan dagana 24. til 28. júní 2016.

Tilgangur þingsins er að kjósa alþjóðaforseta, fyrsta, annan og þriðja varaforseta og afgreiða þau mál sem berast þinginu með tilskyldum fyrirvara.

Fukuoka er heillandi og tignarleg borg þar sem fullkomins jafnvægis gætir milli hins gamla og nýja. Í borginni er að finna elsta Zen hof í Japan en jafnframt er hún þekkt meðal matgæðinga fyrir nýjustu strauma í matargerð.

Hér er mikið um þjóðlegar hátíðir, gnægð fersks fiskmetis og mesta úrval af yatai (götumat) í öllu Japan. Upprunalega var um tvær borgir að ræða; hina myndrænu kastalaborg Fukuoka og líflegu hafnarborgina Hakata sem svo runnu saman í eina.

Þá fimm daga sem þingið stendur yfir er boðið upp á áhugahvetjandi fyrirlesara, skemmtikrafta á heimsmeðalvarða, þjóðlega tónlist, dans og mat.

Lions heldur líka í heiðri þinghefðir, s.s. skrudgöngu þjóðanna, embættistöku nýs

alþjóðaforseta og þrjá allsherjafundi sem sýna ótrúlegt umfang og fjölbreytni í verkefnum hreyfingarinnar.

Aðalfyrirlesari þingsins verður Kailash Satyarthi frá Indlandi, aðgerðasinni í mannréttindamálum og handhafi friðarverðlauna Nóbels 2014.

Samtökunum Læknum án landamæra verða veitt mannúðarverðlaun Lions 2016 auk þess sem tilkynntir verða sigurvegarar í samkeppni um besta friðarvegspjaldið og bestu ritgerðina.

Þingvikan er einstök upplifun vináttu, skemmtunar og fræðslu. Lions í Japan mun umvefja gesti sína *omotenashi*, eða anda gestrisninnar. Ég hvet Lionsfélagi eindregið til þess að standa við heit sitt að sýna öðrum virðingu, með því að sameinast tugþúsundum annarra Lionsfélaga í Fukuoka.

Oak Brook, 2. maí 2016
Einlægur kveðjur,

Dr. Jitsuhiro Yamada, alþjóðaforseti Lions

Þýðing: Edda Briem



Fjölumdæmisstjóri

Guðmundur Helgi Gunnarsson

Fjölumdæmisstjóri



Kæru Lionsfélagar
Nú er umdæmis og fjölumdæmisþingum okkar nýlokið en þau voru haldin af Lkl. Mosfellsbæjar og Lkl. Úu. Þingstaður var í Lágafellsskóla þar í bæ og tókst þinghald vel í alla staði og umgjörð þess eins og best verður á kosið. Skólar embættismanna, þ.e. formanna, ritara, gjaldkera og svæðisstjóra voru að vanda á föstudeginum. Seinni part þess sama dags var skrúðganga og þingsetning. Við þingsetningu voru veittar tvær Kjaransorður af fjölumdæminu en þær hlutu Forseti Íslands Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, sem hefur verið velgjörðarmaður og verndari hreyfingarinnar allan sinn embættistíma og fyrrverandi fjölumdæmisstjóri Kristján Kristjánsson Lkl. Tý, en hann hefur starfað í hreyfingunni í 43 ár og gegnt þar mjög mörgum embættum. Umdæmisþingin voru haldin á laugardagsmorgninum og fjölumdæmisþingið síðdegis sama dag. Meðal dagskráratriða var kynning á fyrirmynd að lögum en það er ný þýðing á alþjóðalögum Lionshreyfingarinnar vegna umdæma og fjölumdæma. Þýðingarnar hafa verið sendar til allra klúbba í landinu til nánari kynningar. Klúbbum gefst tækifæri til að rýna í þessar þýðingar fram á næsta haust og senda inn ábendingar sem laganevnd mun vinna úr ásamt þeim breytingum á alþjóðalögum sem koma til samþykktar á alþjóðþingi Lionshreyfingarinnar sem haldið verður í borginni Fukuoka í Japan dagana 24. – 28.júní n.k.

Viðtakandi stjórnendur íslensku hreyfingarinnar munu að venju sækja þingið þar sem umdæmisstjórar sækja skóla vegna embætta sinna. Á þessu þingi mun verða brotið blað í sögu Lionshreyfingarinnar þar sem það er



okkar staðfasta trú að þá muni íslensk kona Guðrún Björt Yngvadóttir L.kl Eik Garðabæ verða kjörin 2. varaforseti Lionshreyfingarinnar og verður það einstakur viðburður fyrir okkur íslenska Lionsfélaga því við munum í framhaldinu eignast Alþjóðaförseta og vil ég óska Guðrúnu Björt gæfu og gengis á leið hennar til æðsta embættis Lionshreyfingarinnar.

Staðan í félagamálunum er þannig í dag að bæði umdæmi okkar eru í sókn og hefur fjölgað félögum í þeim báðum en slíkt hefur ekki gerst í allnokkur ár og er full ástæða til að gleðjast yfir því. Við þurfum þó að vera á

varðbergi áfram og vera dugleg að afla nýrra félaga og ennfremur að halda í þá félaga sem fyrir eru í klúbbunum. Við megum ekki gleyma að takmarkið er að hlutfall kvenna og karla sé jafnt í hreyfingunni.

Þar sem þetta Lionsblað er það síðasta á núverandi starfsári vil ég nota þetta tækifæri til að þakka öllu því góða fólki sem starfað hefur með mér í fjölumdæmisráði í vetur fyrir einstaklega ánægjulegt samstarf og vel unnin störf í þágu Lionshreyfingarinnar. Ég vil sérstaklega þakka umdæmisstjórunum þeim Jóni Pálmássyni og Stefáni Árnassyni ásamt eiginkonum þeirra Marianne Skovsgård

Nilsen og Vöku Jónsdóttur samstarfið sem hefur verið einstaklega ánægjulegt og gefandi í alla staði. Eiginkonu minni Hrund Hjaltadóttur færi ég mínar bestu þakkir en án hennar aðstoðar og ráðgjafar hefði starf mitt verið mun erfiðara. Nýkjörnum stjórnendum Lionshreyfingarinnar þeim Árna Brynjólfi Hjaltasyni viðtakandi fjölmudæmisstjóra og viðtakandi umdæmisstjórnum Gunnari Vilbergssyni og Björgu Báru Halldórsdóttur vil ég senda mínar bestu óskir um gæfu og gott gengi í þeim viðamiklu störfum sem þau eru nú að taka að sér fyrir hreyfinguna.

Ég færi þinghöldurum Lkl. Mosfellsbæjar og Lkl. Úu bestu þakkir fyrir glæsilega umgjörð þingsins og gott skipulag í alla staði. Kæru Lionsfélagar ég óska ykkur öllum



velfarnaðar í störfum um ókomna tíð Lionshreyfingunni til framdráttar.

Með Lionskveðju.



Umdæmisstjóri 109A

Jón Pálmason

umdæmisstjóri 109A



Góðir félagar, þegar ég nú skrifa í þetta síðasta Lionsblað á starfsárinu fara margar góðar minningar í gegnum huga minn. Sérstaklega eru það kynni mína af öllu því góða Lionsfólki sem ég komst í kynni við. Heimsóknir mínar og samskipti við klúbbana standa þó uppúr. Yfirleitt er þar mjög skemmtilegt eins og það á að vera. Sömuleiðis eru samskipti mín við þá sem hafa verið með mér í sérstökum verkefnum ekkert nema ánægja. Ég segi því:

Takk fyrir samstarfið á árinu.

Það sem stendur uppúr

Það sem stendur uppúr á árinu er framboð Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur til alþjóðaforseta Lions. Ég er alveg viss um að þetta verkefni Guðrúnar Bjartar mun efla Lions um

allan heim. Ekki síst hér á Íslandi. Það að fyrsta konan sé komin fram til að taka við þessu embætti mun hafa margháttað áhrif á Lions. Það mun einnig styrkja trú beggja kynja á að starfa í lykilstöðum innan hreyfingarinnar.

Félagamál Lions hafa verið í brennidepli, umdæmið okkar var komin undir það lágmarki, svo umdæmið teldist fullgilt. En nú horfir til betri tíðar og vonum við að fjöldinn verði yfir lágmarksfjölda í lok starfsársins þegar Guðrún verður kosin. Hún verður nefnilega ekki í kjöri ef félagfjöldinn er undir 1250.

Í félagamállum hefur þetta helst gerst.

- Lionsklúbburinn Eden var stofnaður í Hveragerði. Stofnun hans hafði verið í bígerð lengi en með þrautseigju tókst að stofna hann síðastliðið vor. Aðdragandinn hafði farið fram á síðasta starfsári en lokahnykkurinn var í byrjun þessa starfsárs.
- Það tókst að styrkja í Lionsklúbbinn á Eskifirði með nýjum félögum. Nú er beðið eftir að komi göng til Norðfjarðar svo hægt sé að bæta Norðfirðingum í hópinn. Ég heimsótti klúbbinn og þarna voru ungir og ferskir félagar að ganga til liðs við klúbbinn.
- Fjölmargir klúbbar gegndu kalli sem við sendum út vegna fjölgunarmála. Hafa bæst þannig við margir félagar í mörgum klúbbum.
- Lionsklúbburinn Ægir tók sig til og bætti við 12 nýjum félögum. Þetta nýja blóð inn í frábæran klúbb og mun vonandi gera þann klúbb að einn af öflugustu klúbbum okkar eins og hann var áður fyrr.
- Lionsklúbburinn Fjöltnir bætti við sig 8

nýjum félögum. Það mun verða mikil lyftistöng fyrir þennan fornfræga klúbb.

- Í Grafarholti var stofnuð deild Lionsklúbburinn Fell. Sérstaklega er gaman að segja frá því að þessi klúbbur er blandaður og í honum er margt yngra fólk. Félagafjöldinn er rétt tæplega 20 manns svo vonandi verður ekki langt þar til hægt verður að stofna klúbb úr deildinni.

Þó að þessi árangur hafi náðst þurfum við á öllum okkar kröftum að halda svo félagafjöldinn haldist innan marka.

Að lokum

Ég vil óska nýjum stjórnendum Lions í umdæmi 109A velfarnaðar í starfi þeirra. Þau eru Gunnar E. Vilbergsson umdæmisstjóri, Ellert Eggertsson vara umdæmisstjóri og Geirþrúður Fanney Bogadóttir annar vara umdæmisstjóri.

Ég vil þakka öllum sem lögðu sig fram í vetur. Til dæmis, þeim sem stóðu að Lionsþinginu okkar í Mosfellsbæ, það var frábært, þeim fráfarandi umdæmisstjórum Einar og Ingimundi fyrir súpuna í hádeginu á föstudögum. Laganefndinni, GLT/GMT hópnum, svæðisstjórunum og fleirum fyrir þrotlaust starf. Einnig ritstjóra Lionsblaðsins fyrir þolinmæðina. Síðast en ekki síst þeim sem hafa lesið og rýnt til gagns það sem ég hef skrifað í vetur, það hafa oftast verið Kristín Þorfinnsdóttir og Pálmi Jónsson.

Skrifað í flugvélinni á leið á Lionsþing í Noregi.



Lionsping

Engeyjarfréttir

Dagskráin í vetur hefur að miklu leyti verið hefðbundin. Reglulegir fundir klúbbsins eru annan mánudag hvers mánaðar og eru þeir almennt vel sóttir. Á þessu starfsári voru flestir fundirnir í fundarsal á Kringlúkránni en hátíðlegur jólafundur var að venju haldinn á heimili klúbbsfélaga. Á þeim fundi var fagnað inngöngu nýs félaga, Kristínar Ingu Rútsdóttur. Auk reglulegra funda er gert ráð fyrir annarri samveru félaganna. Síðastliðið haust var farið saman til að sjá Edduna hennar Eddu Björgvins í Austurbæ. Árlegt Þorrablót var haldið í Lionsheimilinu þann 30. janúar. Þar voru krásir á borðum, fjöldasöngur við undirleik Haraldar Gunnars Hjálmarssonar og tveir ungir piltar sungu og léku á gítar við góðar undirtektir. Í febrúar var farið í skemmtilega og fróðlega heimsókn á Hótel Holt. Þar tók á móti okkur Geirlaug Þorvaldsdóttir, sem veitti okkur leiðsögn við skoðun á málverkum hinna miklu meistara íslenskrar myndlistar. Þá fjölmenntu félagar á Góugleðina í mars og höfðu gaman af.

Á fundi til okkar komu góðir gestir. Við fengum heimsóknir bæði af Dan Sommer svæðisstjóra og Jóni Pálmasyri umdæmisstjóra. Heimsóknir svæðisstjóra og umdæmisstjóra eru ávallt mikilvægur þáttur hvað varðar upplýsingar um gang mála hjá Lionshreyfingunni og til að minna okkur á að klúbburinn okkar er hluti af stærri heild. Pétur Bjarnason fyrrum skólastjóri og námstjóri kom til okkar á fund í apríl. Hann las úr bók sinni „Vasabók partíljónsins“ sem inniheldur heilræði, limrur og létmeti.

Gunnhildur Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur var gestur okkar á nóvemberfundi. Hún sagði okkur frá byggingu og starfsemi dagheimilis fyrir 6 mánaða til 6 ára börn í fátækraakverfi í Kimberley í Suður- Afríku. Fjöldi barna á heimilinu mun vera um 170. Gunnhildur hafði kynnst bágum aðstæðum barnanna við starf sitt á svæðinu fyrir Rauða krossinn og er hún í raun hvatamaður að byggingu heimilisins. Frásögn Gunnarhildar snerti okkur og varð kveikjan að nýju verkefni fyrir klúbbin. Fram hafði komið að kuldi er á þessum slóðum hluta af árinu og settumst við því niður til að þrjóna og hekla hlýjan fatnað á börnin sem sendur verður til þeirra í haust. Auk þess að vinna að verkefninu heima höfum við hittst vikulega í Lionsheimilinu. Verkefninu er ekki lokið en afraksturinn er orðinn býsna mikill, t.d. má nefna að húfur munu vera komnar á öll börnin og leistar á þau flest. Auk þess eru ungbarnateppi, peysur, vettlingar, treflar o.fl. Verkefnið hefur verið mjög ánægjulegt og eflt félagsandann sem er mjög góður í klúbbum.



Sunnudaginn 6. mars heimsóttum við Hjúkrunarheimilið Skógarbæ sem er fastur liður í starfsemi klúbbsins. Í ár fengum við til liðs við okkur söngkonuna Hjördísi Geirsdóttur sem skemmti heimilisfólki, gestum þeirra og starfsfólki. Að því loknu beið glæsilegt hlaðborð með tertum, kökum og brauði úr eldhúsum Engeyjarkvenna. Okkur hefur gengið erfiðlega að finna nýjar fjáröflunarleiðir fyrir líknarsjóð klúbbsins. Haust og vor erum við þó með köku- og brauðbasara í göngugötunni í Mjódd og afrakstur af happdrætti á Þorrablóti gengur til líknarsjóðs. Í tengslum við kökubasarinn í haust var boðið upp á blóðsykursmælingar. Mælingarnar önnuðust tveir klúbbsfélagar, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir. Styrkir starfsársins úr líknarsjóði voru veittir til Alþjóðahjálpar-sjóðsins vegna mislingaátaks Lions, Mottumars, Orkester Norden og fósturbarnsins í barnaþorpi SOS í Kóreu.

Lionsklúbburinn Engey var stofnaður 1. mars 1990 af konum sem höfðu flestar áður verið félagar í Lionessklúbbi Reykjavíkur. Á aprílfundi voru tveir félagar Engeyjar heiðraðir. Erla Wigelund sem árið 1985 var ein af stofnendum Lionessklúbbs Reykjavíkur og fyrsti formaður klúbbsins var gerð að heiðursfélaga. Þá var Helgu Tryggvadóttur, sem einnig var stofnandi Lionessklúbbsins veitt Melvin Jones viðurkenning. Bæði Erla og

Helga hafa frá upphafi verið öflugir félagar í Engey og ítrekað setið stjórn klúbbsins. Þá var á fundinum tekin inn nýr félagi, Jóna Guðjónsdóttir, sem tekið hefur tekið þátt í starfinu með okkur í vetur.

Venjan er að þegar nálgast lok starfsársins sé farið í ferðalag innanlands eða utan. Í ár voru frændur okkar Færeyingar sóttir heim helgina 13. – 16. maí. Fararstjóri var Emil Kristjánsson sem áður hafði komið á fund til okkar og kynnt dagskrá ferðarinnar. Veðurguðirnir voru okkur mjög hliðhollir þessa daga og heppnaðist ferðin með eindæmum vel og mun hún lengi í minnum höfð.

Ánægjulegu starfsári er að ljúka en það hefur einkennst af góðum félagsanda og verðugum verkefnum. Við höfum fengið til liðs við okkur nýja starfsama félaga og full ástæða er til bjartsýni með framtíðina.

*F.h. Lkl. Engeyjar
Guðný Björnsdóttir*



Stofnfélagi Njarðar, Sveinn Snorrason lögmaður, hlýtur Kjaransorðuna

Lionsklúbburinn Njarður var stofnaður 20. apríl 1960 og er því 56 ára í ár. Það var því tímabært að einn af stofnendum Njarðar, Sveinn Snorrason lögmaður, fæddur 21.05.1925 yrði heiðraður fyrir sitt mikla framtak fyrir Lionshreyfinguna. Það var gert á ársþingi Lions á Sauðárkróki 2015.

Njarður hefur notið þeirrar gæfu að fjórir af stofnfélögum hans hafa haldið tryggð við klúbbinn og sótt fundi með afbrigðum vel öll 56 árin sem liðin eru. Þar er Sveinn fremstur meðal jafningja. Hann hefur verið virkur í öllu starfi Njarðar og starfað í flestum nefndum klúbbsins og var m.a. formaður 1966 til 1967.

Með tilkomu Kjaransorðunnar skapast tækifæri fyrir Lionsklúbba að heiðra svona höfðingja og þakka fyrir langt og gjöfult starf. Stjórn Njarðar og félagar ákváðu að það færi vel á því að fyrsti félaginn sem klúbburinn heiðraði með Kjaransorðunni yrði Sveinn Snorrason. Afhending orðunnar fór fram á Herrakvöldi klúbbsins á Hótel Sögu þann 15. janúar sl.

Sveinn var hlaut æðstu viðurkenningu Lions, og var gerður að Melvin Jones féлага, fyrir starf sitt í Nirði í maí 1990. Sveinn sækir enn alla fundi Njarðar og tekur virkan þátt í umræðum og framkvæmdum. Hann átti þátt í mótun aðal fjáröflunar átaks klúbbsins, Herrakvöldi Njarðar, sem er undirstaðan að öfluglu líknarstarfi Njarðar. Hann er hrókur alls fagnaðar jafnt á fundum sem utan. Að auki er hann mikill áhugamaður um golfþróttina og hefur orðið Íslandsmeistari all nokkru sinnum. Þegar Félag eldri kylfinga var stofnað af Golfsambandi Íslands var hann einnig fyrsti formaður þess. Sveinn spilar golf enn alla daga ársins þá gefur á völinn. Kona Sveins er Ellen Snorrason sem einnig er mikill Njarðar vinur.



Njarðarfélagar eru stoltur af sínum harðduglega stofnfélaga og þakklátir fyrir að fá að hafa starfað með þessum síunga féлага. Við óskum Sveini og Ellen alls hins besta og færum þeim heillaóskir með Kjaransorðuna.

Á myndinni má sjá Sveinn Snorrason með Kjaransorðuna ásamt Tómasi Sigurðssyni formanni Njarðar og Daníel Þórarinssyni formanni Kjaransorðunefndar.

*Arnar Hauksson ritstjóri Njarðarfrétta,
Daniel Þórarinnsson formaður Kjaransorðunefndarinnar,
Tómas Sigurðsson formaður Njarðar*

Minning + Margrét Lúðvíksdóttir Lionsklúbbsnum Emblu



*Emblu konur, enn til starfa,
aukum styrk vors tryggðabands.
Vinum okkar þjóð til þarfa,
þjónum byggðum Íslands.
Sinum heilar hverju verki;
huggum, líknum, eflum dáð.
Undir Lions mæta merki,
mikil saga verði skráð.
Höf: G.K*

Látin er yndisleg kona og góður félagi okkar í Lionsklúbbsnum Emblu, Margrét Lúðvíksdóttir. Hún var ein af 20 konum sem stofnuðu klúbbinn 9.mars 1989 og hefur starfað óslitið síðan.

Hefur hún gegnt öllum embættum í stjórn klúbbsins sem og öðrum nefndum innan hans í gegnum öll árin. Var stallari þetta starfsárið og ávallt fús til allra verka fyrir klúbbinn sinn.

Magga eins og við kölluðum hana var í fjáröflunarnefnd þegar við tókum þá ákvörðun árið 2008 að láta hana fyrir okkur jólakort sem varð svo aðalfjáröflun klúbbsins í líknarsjóðinn frá þeim tíma.

Hún sá um samskipti í mörg ár við listamanninn Jón Inga Sigurmundsson sem hefur málað og gefið okkur myndirnar frá upphafi. Alltaf nýjan fugl á hverju ári og eigum við örugglega eftir að minnast elsku Möggu okkar þegar næsti fugl verður valinn.

Magga hafði sérlega góða nærveru, alltaf glöð og aldrei heyrðist hún hallmæla neinum.

Mikið eigum við eftir að sakna hennar þegar við skemmtum okkur saman, hún var ávallt hrókur alls fagnaðar, alltaf til í gleði og glens, ekki sýst í utanlandsferðunum, þaðan eigum við ógleymanlegar minningar sem við eigum eftir að ylja okkur við.

Þessi kona sem var alltaf svo smekklek og vel til höfð svo eftir var tekið. Það er sárt og erfitt að sætta sig við hvað veikindi geta fellt fólk á stuttum tíma. Magga okkar var síðast á fundi með okkur í janúar s.l. en nú er sæti hennar autt.

Minningin lifir um góðan féлага.

Við kveðjum Möggu með þakklæti og virðingu.

Aðstandendum öllum sendum við hugheilar samúðar kveðjur.

*F.h. Lkl Emblu: Guðmunda Auðunsdóttir formaður
Þóranna Ingólfsdóttir ritari.*

Lionsklúbburinn Höfði Hofsósi



Við félagar í Lkl. Höfða vorum með blóðsykurmælingar s.l. haust og fóru þær fram á Hólum í Hjaltadal, Kaupfélaginu á Ketilási í Fljótum og KS á Hofsósi. Sigríður Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur sá um mælingarnar fyrir okkur og skilaði því með miklum ágætum eins og við var að búast. Færum við henni okkar bestu þakkir fyrir aðstoðina við þetta verkefni. Það mættu 100 manns í mælinguna og var almenn ánægja með þetta framtak hjá klúbbnum.

Segja má að þetta síðasta starfsár hafi verið með líku sniði og undanfarin ár.

Þar má nefna heimsóknir milli klúbba, saltkjötsfundur hjá Lkl. Skagafjarðar, súpufundur hjá Björkunum og félagar frá Lkl. Dalvíkur komu í heimsókn til okkar sem og félagar í Lkl. Skagafjarðar. Þá kom Stefán Árnason umdæmisstjóri á fund til okkar og Magnús Ólafsson svæðisstjóri kom á fundinn hjá Björkunum.

Við höldum sameiginlegan jólafund með Lkl. Skagafjarðar líkt og verið hefur undanfarin ár. Lionsklúbbarnir í Skagafirði hafa ákveðið að sameinast um gjöf á tækjum í svokallað skynörvunarherbergi hjá Iðjunni á Sauðárkróki sem var að flytja í húsnæði við Sæmundarhlíð sem hefur verið endurbætt fyrir þá starfsemi. Þessi gjöf er í tilefni 100 ára afmælis Lionshreyfingarinnar á næsta ári.

Við í Höfða styrktum ýmis verkefni á árinu svo sem Félagsheimilið Höfðaborg vegna kaupa á hljóðkerfi, Dvalarheimilið á Sauðárkróki vegna kaupa á hjóli og þá gáfum við bókina um brunavarnir heimilanna í yngstu bekki Grunnaskólans austan vatna. Eins styrktum við Ípróttafélag fatlaðra og fjölskyldur sem hafa átt við mjög erfið veikindi að stríða.

Þá verðum við með samkomu fyrir eldri borgara nú í haust, en það er fastur liður hjá klúbbnum að vera með skemmtun fyrir eldri borgara

annað hvert ár. Þess má geta að við félagar í Höfða erum flestir komnir í þennan hóp, en þó eru nokkrir sem tilheyra yngri deildinni í klúbbnum. Tveir félagar í Höfða urðu áttæðir á starfsárinu og starfa báðir af fullum krafti og ber að þakka það, hvað sumir menn eldast vel. Því miður hefur ekki verið mikil endurnýjun í klúbbnum, en vonandi fer það að breytast.

Líkt og undanfarin ár þá var síldarsalan okkar aðalfjáröflun og eiga þeir félagar klúbbsins sem bera hitann og þungan af því verkefni miklar þakkir skyldar. Við erum einnig með blómasölu á konudaginn.

Fyrir jólin dustuðu nokkrir félagar og aðstoðarmenn þeirra rykið af gömlu sparifötunum og heimsóttu börn á félagssvæði klúbbsins eins og venja hefur verið þegar jólin nálgast.

Frá stofnun klúbbsins þá höfum við haldið okkar fundi í Félagsheimilinu Höfðaborg á Hofsósi, en höfum að vísu haldið einn og einn fund annarsstaðar svona af og til.

Nú seinni part vetrar höldum við fund í nýbygðum fjárhúsum hjá Bjarna féлага okkar bónda á Mannskaðahóli og var það skemmtileg tilbreyting. En þau hjón Bjarni og Ingibjörg Sólveig tóku á móti okkur með mikilli veislu í fjárhúsunum. Söngur féll niður í upphafi fundar þar sem við töldum okkur ekki eiga mikla möguleika að yfirgnæfa jarmið í kindunum, sem urðu meira en lítið undrandi þegar þessi hersing ruddist inn í húsin, þegar kyrrð var komin á. Þau hjónin sýndu okkur þessa frábæru aðstöðu og færum við þeim bestu þakkir fyrir mjög góðar móttökur. Að venju buðum við konum okkar lionsfélaga á lokafundinn nú í vor sem að þessu sinni var haldinn á Sauðárkróki.

Pálmi Rögnvaldsson.

Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga.

Lionsfélagi mánaðarins

Nafn, aldur og starf:

Valdemar Guðmundsson, 71. árs,
heldriborgari, (lögreglumaður)

Nafn maka:

Jóhannína Amelíe Sverrisdóttir

Heimili:

Austurtún 18, 510 Hólmavík

Ökutæki:

Nissan Qashqai SE

Klúbburinn minn:

Lionsklúbbur Hólmavíkur,
stofnaður 21.02. 1961



Hver eru helstu viðfangsefni klúbbsins?

Helstu viðfangsefnin eru fjáraflanir sem láta gott af sér leiða.

Fjáröflun:

Helstu fjáraflanir eru sjávarréttakvöld, viðhald á bæjargirðingunni og rækjusala á Hamingjudögum.

Sérkenni:

Fámennur, en góðir og virkir félagar.

Hvað er eftirminnilegast úr klúbbstarfinu? (Má vera neyðarlegt):

Þegar klúbbfélagar sáu um matseld fyrir brúðkaupsgesti í Árneshreppi (ekki neyðarlegt það).

Fyrir hvað ertu stoltastur af að vera Lionsfélagi?:

Að vera meðlimur í stærstu fjöldahreyfingunni sem lætur gott af sér leiða.

Viltu breyta einhverju í klúbbum og í lionshreyfingunni yfir höfuð:

Að fjölga í hreyfingunni en það er erfitt á litlum stöðum út á landi, kannski á stórum stöðum líka

Bollar í Lionsheimili

Ágætu félagar, fyrir 1 til 2 árum fékk einhver ágætur félagi lánaða bolla (um 30 stk) og undirskálar héðan úr Sóltúni. Þessi aðili hefur gleymt að skila þeim aftur og því væri gott ef sá hinn sami myndi koma þessum ágætu bollum til okkar.

Með bestu kveðjum,
Starfsfólk Lions í Sóltúni



Svæðishátíð

Svæðishátíð Lionsmanna á svæði 4 fór fram á Hótel Örk 9. apríl síðastliðinn og tókst afar vel. Lionsklúbbar á svæði 4 eru orðnir 10 talsins; Lkl. Hveragerðis, Lkl. Þorlákshafnar, Lkl. Selfoss, Lkl. Emblur, Lkl. Vestmannaeyja, Lkl. Geysir, Lkl. Laugardals, Lkl. Skjaldbreiður ásamt Lkl. Dynk og Lkl. Eden sem er nýjustu klúbbarnir. Það var Rögnvaldur Pálmason Svæðisstjóri sem stóð fyrir hátíðinni.

Fulltrúar klúbbanna kynntu störf sinna klúbba og sumir fóru með gamanmál. Heiðursgestur fundarins og aðalræðumaður kvöldsins var Halldór Einarsson (Henson) og Jón Pálmason Umdæmisstjóri heiðraði hátíðna með nærveru sinni. Emblukórinn kom fram og söng tvö lög. Þá var matast saman. Að lokum tók hljómsveitin Halógen við og lék fyrir dansi fram á nótt.



Rögnvaldur Pálmason Svæðisstjóri setur hátíðina.



Jón Pálmason Umdæmisstjóri.



Halldór Einarsson heiðursgestur og aðalræðumaður kvöldsins.



Hljómsveitin Halógen rokkaði fram á nótt.

Fjölgun hjá Fjölnismönnum

Lionsklúbbnum Fjölni hefur bæst ágætur líðsauri nú í vor en 8 nýir félagar hafa gengið í klúbbinn. Fjórir nýju félaganna eru synir eins klúbbfélagsins, Baldvins G. Heimissonar. Hann gekk í klúbbinn fyrir sjö árum en faðir hans, Heimir Br. Jóhannsson, er einn af elstu starfandi félögum í klúbbnum en hann gekk í klúbbinn árið 1972. Nýju félagarnir hafa allir kynnst starfi Lkl. Fjölnis m.a. með þátttöku í kúttmagakvöldum Fjölnis og Ægis og vænta félagarnir sem fyrir eru sér góðs af samstarfinu við þá. Aðalverkefni Fjölnis er margháttaður stuðningur við Krýsuvíkurheimilið og vistmenn þar og undanfarin ár hafa klúbbfélagar unnið að skógrækt við vistheimilið. Nýju félaganna bíða því margvísleg áhugaverð verkefni.

Ottó Schopka
annálaritari Lkl. Fjölnis



Frá vinstri: Baldvin Þór Baldvinsson, Arnar Baldvinsson, Heimir Br. Jóhannsson, Hrannar Baldvinsson, Baldvin G. Heimisson, Hafsteinn Sveinbjörnsson, Þórhallur M. Lárusson, Guðmundur Baldvinsson, Símon G. Ingvaldsson, Sigurður Arnar Kristjánsson formaður lkl. Fjölnis og Jón Pálmason umdæmisstjóri 109A. Á myndina vantar einn nýja félagann, Ægi Blöndal.



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Frá Lionsklúbbum Emblu



Rögnvaldur Pálmason, svæðisstjóri 109A og frú á Emblufundi.



Nýju félagarnir okkar, Jóhanna Friðgeirsdóttir og Hafdís Júlía Hannesdóttir, ásamt meðmælendum sínum þeim Ástu Andreasen og Maríu K. Guðjónsdóttur.



Melvin Jones félagar: Sonja Eyfjörð Skjaldardóttir og Sigríður Karlsdóttir.



Stingsög afhent VISS. Kátur starfsmaður með þeim Þórönnu, Guðmundu og Ragnheiði.



Guðmunda formaður Lkl. Emblu afhendir gjafabréf fyrir jafnvægstækini á Grensásdeild Landsspítalans.



Félagar sem mættu við afhendinguna á Grensás.

Árið 2016 byrjaði með krafti strax í janúar og á fyrsta fundi okkar var gestur fundarins pólsk kona Silwia Konieczna sem er búin að búa á Íslandi í nokkuð mörg ár, og hún sagði okkur frá upplifun sinni og fjölskyldu sinnar á að vera útlendingur hér. Það var mjög fróðlegt og skemmtilegt að heyra hana segja frá sinni upplifun af landi og þjóð.

Á fyrri febrúar fundi okkar var gestur fundarins Rögnvaldur Pálmason, svæðisstjóri 109A og buðum við konu hans Ágústu Sigurbjörnsdóttur, einnig að koma með, skemmtilegt kvöld í alla stað. Og þá var komið að seinni febrúar fundi sem var Embludiskótekið okkar fyrir fatlaða skjólstaðinga sem aldrei bregst og fóru allir heim saddir og sælir og þökkum við enn og aftur honum Jóni Bjarnasyni fyrir hans þátttöku en hann heldur alltaf uppi fjörinu eins og honum er einum lagið. Í lokin afhenti Guðmunda formaður Embla, VISS vinnustað fatlaðra hér á Selfossi stingsög að gjöf, og tók Katrín Súsanna starfsmaður VISS og góð Emblukona við gjöfinni.

Í vetur var fjáröflunin okkar að snyrta gulrætur fyrir garðyrkjubóna í Hrunamannahreppi og fóru nokkrar konur í hvert skipti að snyrta og var þetta bæði skemmtilegt og svo fengum við líka pening fyrir, til að geta gefið til góðra málefna, en til þess var leikurinn gerður. Skemmtlegt verkefni sem vonandi verður framhald á.

9. apríl var Svæðishátíð á Hótel Örk í Hveragerði og þangað stormuðum við nokkuð margar með maka okkar, og var þetta hin besta skemmtun með góðum mat og skemmtatriðum.

En það gengur alltaf á með skini og skúrum í lífinu, því í apríl misstum við eina af okkar góðu Emblukonum, Magrét Lúðvíksdóttir hét hún og er hennar sárt saknað, alltaf glæsileg og skemmtileg kona.

En stóra stundinn okkar rann upp í maí þegar við afhentum formlega Jafnvægisplötu með fylgihlutum til Grensásdeilar Landspítalans, og er þetta stærsta framlag frá okkur í ár til góðgerðamála. Að þessu verkefni stóðu Lionskl. Embla, og Lionsk. Selfoss ásamt nokkrum fyrirtækjum á Selfossi. Þetta var okkur sönn ánægja því ein af okkar reyndari Emblukonum Kristín Björnsdóttir varð fyrir miklum veikindum á síðasta ári, og náði alveg ótrúlegum bata á Grensás, og það þurfti að endurnýja þetta tæki sem var orðið lélegt og fannst okkar upplagt að leggja okkar að mörkum og gefa nýja jafnvægisplötu og fengum til þess góðan stuðning svo þetta varð að veruleika núna í maí þegar við afhentum tækið formlega.

Á fundi okkar 12. apríl voru teknir inn tveir nýjir félagar þær, Hafdís Júlía Hannesdóttir og Jóhanna Friðgeirsdóttir, og óskum við þeim góðs gengis í klúbbum okkar og fögnum

ávallt nýjum og ferskum konum. Það er alltaf rúm fyrir fleiri konur til að láta gott af sér leiða. Á þessum fundi voru einnig tvær Emblur sæmdar æðstu viðurkenningu innan Lions, Melvin Jones og eru það þær Sigríður Karlsdóttir og Sonja Eyfjörð Skjaldardóttir, báðar hinar mætustu Lionskonur kraftmiklar og hugmyndaárkar, sem er ómissandi fyrir svona félagsskap. Óskum öllum þessum fjórum konum okkar til hamingju með sína áfanga.

Þetta hefur verið gott starfsár hjá okkur og þökkum við öllum þeim sem hafa lagt okkur lið, og horfum björtum augum til komandi starfsárs með haustinu.

Sendum góðar sumarkveðjur til ykkar allra, frá Emblukonum á Selfossi.

Guðrún Guðnadóttir,
blaðafulltrúi Lkl. Emblu.

Lionsklúbburinn Þernan

Við lukum árinu 2015, með jólaballi fyrir börnin. Það er samstarf okkar og Lkl. Ránar í Ólafsvík ásamt Kvenfélagi Hellissands, og er haldið til skiptis í Röst og á Klifi. Þá var komið að þorra og í samstarfi við Lkl. Nespinga og Kvenfélag Hellissands var haldið Þorrablót 13. febrúar í Röst. Hellissandi. Þetta tókst með eindæmum vel og vonandi verður framhald á þessu. Við höldum svo spurningakeppni í samstarfi við rekstraraðila Rastar. Ágóðinn af keppninni fer til að styrkja Smiðjuna sem er dagþjónusta og vinnustofa fyrir fatlaða með skerta starfsgetu. Páskabingó var haldið á Pálmasunnudag eins og undanfarin ár og er aðsókn að því að aukast ár frá ári. Fastir liðir eins og venjulega eru þríf á Röst sem að hefur verið okkar aðal fjáröflun og að auki fengum við að þrifa 8 íbúðir á Gufuskálum. Við munum væntanlega gera eitthvað skemmtilegt á Sandara og Rífsaragleði í sumar en ekki hefur verið ákveðið hvað það verður. Við tókum inn 3 nýja félaga á starfsárinu. Lokafundinn höldum við svo á veitingastaðnum Hrauni í Ólafsvík 4. maí.

*Með sumarkveðju frá Þernukonum.
Steinunn og Arnheiður.*



Fréttabréf frá Lionsklúbbnum Tý

Lionsklúbburinn TÝR er kominn Nokkuð á fimmtugsaldurinn. Þegar hann var stofnaður 1973 var hann klúbbur ungra manna, og var stundum kallaður stráka_klúbburinn. Fundir voru haldnir að kvöldlagi, eftir vinnudag, sem var nokkuð nýmæli, því flestir klúbbanna höfðu hádegis_fundi. Félagatalan hefur oftast verið 30-40 og enn eru starfandi 5 stofnfélaganna. En þótt félagatalan sé í dag komin niður undir 20, eru menn sprækir og eru enn strákaklúbbur og halda starfinu allvel gangandi.

Nokkur síðustu ár hefur aðalfjáröflun verið skötuveisla, sem hefur gengið æ betur með hverju árinu. Erfiðast hefur verið að finna hentugt húsnæði vegna meintrar lyktarmengunar. Á síðustu Þorláksmessu bauðst okkur samvinna við flugmálaáhugamenn, sem útveguðu aðstöðu í flugskýli, og margir sjálfboðaliðar tóku þátt. Enda hafði verið ákveðið að allur afrakstur veislunnar færi til aðstanda tveggja ungra manna, sem farist höfðu í flugslysi skömmu áður. Það er skemmst frá því að segja að aðsókn og tekjur slógu öll met, svo að unnt var að veita veglega styrki til málefnsins.

Á dögnum var þremur félögum veitt Melvin Jones viðurkenning fyrir frábær störf í þágu klúbbsins og Lionsstarfsins. Það voru þeir Jónas Ágústsson, Lúðvík Andreasson og

Lárus Sveinsson, sem tóku við þessari viðurkenningu. Ennfremur hafði Kristján Kristjánsson fengið Kjaransorðuna, æðstu heiðursviðurkenningu Lions, fyrir margvísleg störf í þágu hreyfingarinnar á Íslandi.

Eina helgina í maí var farið í vorferð með eiginkonum, ekið um Vatnsleysuströnd, með viðkomu hjá Kálfatjörn, til Grindavíkur, þar sem að var á Bryggjunni með humarsúpu. Stuttur stans var við Staðarkirkjugarð, en þaðan ekið um Suðurstrandarveg framhjá Herdísarvík og Vogsósunum og reynt að rifja upp sögur af stórskáldinu Einari Ben og göldróttum Vogsósaprestum. Ekið var um Selvog og Strandarkirkja heimsótt. Boðið var í kvöldverð og gistingu í hótél Hlíð í Ölfusi. Þótti ferðin hin ánægjulegasta.

Fyrir skömmu tóku Týsmenn til hendinni í dvalarheimili Samtaka lamaðra og fatlaðra í Reykjadal. Þar var unnið að ýmsum viðhaldsverkefnum, sem klúbburinn hefur sinnt undanfarin ár. Þáttakan var samt heldur dræm, enda áttu ekki allir heimangengt þessa daga, en verkið vannst nokkuð vel og verður lokið einhvern næstu daga.

*Með bestu sumarkveðjum frá Lionsklúbbnum TÝ!
Björn Þorvaldsson.*



Örn Herbertsson formaður, Lárus, Jónas, Kristján ritari og Kjaransorðumaður, Lúðvík og Guðmundur Ragnarsson gjaldkeri.



Strákarnir í Tý héldu keilukeppni. Sigurvegari varð aldursforsetinn, Stefán Valur, að verða 87 ára!



Björn, Jónas og Kristján við Strandarkirkju.



Kristján, Lúðvík, Jónas og Lárus.



Frá skötuveislunni.



Lionsklúbbur Hveragerðis

Skammt var stórra högga á milli hjá Lkl. Hveragerðis í styrkveitingum í apríl-mánuði.

Þann 25. apríl afhentu félagar Lkl. Hveragerðis vistheimilinu í Birkimörk fullkomið fjögurra brennara gasgrill ásamt fjórum sólstólum. Af tilefninu var slegið upp hamborgaraveislu og grilluðu Lionsfélagar um 35 hamborgara sem sporðrennt var af mikilli lyst. Að þessu komu fyrir utan Lionsklúbbinn; Grillbúðin, Kjarnafæði, Rúmfatalagerinn og Vogabær. Er þeim kunnað bestu þakkir fyrir.

Þriðjudagsmorguninn 26. apríl var svo 1. og 2. bekk Grunnskólans í Hveragerði afhentar litabækur um brunavarnir, sem og litir. Að því komu Brunavarnir Árnessýslu og er þeim kunnað bestu þakkir fyrir.

Á starfsárinu hefur að auki verið veittir styrkir til Hveragerðisdeildar Rauða Krossins og til Hjálparveita Skáta í Hveragerði í tilefni 40 ára afmælis þeirra síðastliðið haust.

Ljósmyndir tók Vilmundur Kristjánsson



Grillað, Kristinn G. Kristjánsson og Kristján E. Jónsson, á milli þeirra má grilla í Rögnvald Pálmason svæðisstjóra.



Vilmundur Kristjánsson formaður Lkl. Hveragerðis afhendir grillið með formlegum hætti. Ragna Þórisdóttir Stuðningsfulltrúi af hálfu heimilisins tók við því.



F.v. Halldór Ásgeirsson, varðstjóri og eldvarnaeftirlitsmaður frá Brunavörnum Árnessýslu, Birgir S. Birgisson frá Gróðrastöðinni Ficus og Vilmundur Kristjánsson formaður Lkl. Hveragerðis.



Krakkar 2. bekkjar skoða litabækurnar.

Minning + Víðir Páll Þorgrímsson



Lionsklúbburinn Njörður langar að minnast góðs féлага, Víðis Páls Þorgrímssonar: Víðir fæddist 02. mars 1941 á Siglufirði. Hann nam prentið og vann við það í nokkur ár en tók síðan við verslun foreldra sinna í Tösku og Hanskabúðinni á Skólavörðustíg og rak hana með eiginkonu sinni Jóhönnu Haraldsdóttur í nær 40 ár. Það var um það leiti sem hann var tekinn inn í Lionsklúbbinn Njörð á fundi í apríl 1981. Víðir var mjög virkur félagi í Nirði, með fulla mætingu til dánardægurs og starfaði í mörgum nefndum af miklum krafti. Við félagar hans minnumst hans í Húsbrefanefndinni og sem ljósmyndara klúbbsins til margra ára auk kynningarstarfa fyrir klúbbinn. Hann gekk rösklega fram í því að safna fé til Háls nef og eyrna deildar Landspítalans ásamt Stefáni Skaptasyni yfirlækni þar og Njarðarfélaga, sem við minnumst hér að ofan. Víðir átti við heymarskerðingu að stríða frá æsku og skildi því mörgum betur þörf þess að efla þá deild. Víðir var í ritstjórn Njarðarfrétta sem ljósmyndari blaðsins. Þá var hann mjög aktífur á samskiptamiðlum og sendi frá sér

aragrúa af fréttum og kímnisögum til okkar félaganna í Nirði, sem síðan voru endursagðar á félagsfundum öllum til skemmtunar. Hann mætti ætíð með stóran hóp vina sinna á Herrakvöld Njarðar og styrkti þannig af alefli aðalfjársofnun klúbbsins auk þess sem þau hjónin lögðu til töskurnar frægu undir glæsilegar veigar í happdrætti Herrakvöldsins. Það var sama hvenær Víðir var bedinn að taka að sér verkefni fyrir Njörð hann var alltaf tilbúinn og leysti hvert starf af alúð, STRAX og VEL. Fyrir það var honum þakkað með því að gera hann að Melvín Jones féлага, ædstu viðurkenningu Lions hreyfingarinnar í maí 2008. Víðir var síðameistari Njarðar á þessu starfsári en boðaði forföll á marsfundinn nú 2016, vegna 75. ára afmælis síns þann 02. mars sl. og voru það síðustu samskipti hans við okkur féлага hans því hann varð bráðkvaddur þrem vikum síðar, þann 26. mars. Njörður þakkar Víði samferðina, vinskapinn og gleðina. Hans verður sárt saknað. Við sendum Jóhönnu og fjölskyldunni allri innilegar samúðarkveðjur.

*Arnar Hauksson ritstjóri Njarðarfrétta,
Hörður Sigurjónsson Kynningarstjóri Lionshreyfingarinnar,
Tómas Sigurðsson formaður Njarðar.*

Fréttapistill frá Lionsklúbbnum Úu

Starfsárið er senn á enda, eftir skemmtilegt og annasamt ár.

Í nóvember var okkar árlega fjáröflun, vinkvennakvöldið. Það var haldið á Hvíta Riddaranum í Mosfellsbæ, staðurinn hentaði þessari skemmtun ákaflega vel, hélt vel utan um það sem fram fór, kvöldmat, happadrætti, tískusýningu og söng. Formaður féлага- og fjölmiðlanefndar, Signý Sigryggsdóttir var veislustjóri kvöldsins eins og henni einni er lagið og Úur jafnt sem vinkonur skemmtu sér vel.

Þann 12. nóvember var hin árlega blóðsykursmæling sem Lionsklúbburinn Úa og Lionsklúbbur Mosfellsbæjar sjá um. Þeir sem

áttu leið í Krónuna í Mosfellsbæ, þegar gjörningurinn fór fram sluppu ekki framhjá vökulum augum Lionsfélaga, sem upplýstu fólkið um mikilvægi þess að láta mæla sig, og flestir létu til leiðast og skelltu sér í mælingu.

Klúbburinn á afmæli 10. desember og héldum við jóla- og afmælisfund þann dag. Skreyttum salinn, fengum aðsendan hátíðarmat og góða gesti. Sr. Kristín Pálsdóttir flutti hugvekju og tók við styrk til líknar- og fjölskylduhjálpar Lágafellskirkju.

Steinunn Marteinsdóttir las úr bók sinni Undir regnboganum, Ingibjörg Erla Þórhallsdóttir söng jólalög og jólasveinninn kom að sjálfsgöðu og færði okkur gjafirnar.

Lionsklúbbur Mosfellsbæjar og Lionsklúbburinn Úa sáu um Lionsþingið í Mosfellsbæ þetta árið. Segja má að frumundirbúningur hafi hafist haustið 2013, þegar ákveðið var að sækja um þinghaldið 2016. Lokasprettur undirbúnings var eftir áramótin. Þingnefndin skipulagði verkefni og Lionsfélagar beggja klúbba, ásamt mökum sáu um að klára verkefni og standa vaktina á þinginu sjálfu. Eftir því sem best við vitum voru allir ánægðir með aðstöðu, mat og þinghaldið sjálfs.

G. Svafa Harðardóttir form.fjölmiðla- og félaganefndar.



Lionsklúbburinn Eik, Garðabæ

Desemberfundurinn var með hefðbundnum hætti, þar sem mökum var boðið til jólaveislu í safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli. Strengjakvartett frá Tónlistarskóla Garðabæjar lék við góðar undirtektir. Einnig var happdrætti og Pálmar Ólason stjórnaði fjöldasöng. Laufey Jóhannsdóttir, formaður skemmtinefndar hafði beðið Pálmar að flytja jólasálm sinn - Hljóða nótt, heilaga nótt -, en Hrafnkell, sonur hans, kom sem leynigestur og flutti hann ásamt föður sínum og var honum vel fagnað.

Eikarkonur heimsóttu Lionsklúbbinn Seylu á Álftanesi 11. febrúar og seinna í mánuðinum var hinn árlegi pönnukökudagur klúbbsins haldinn á hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ og skemmti heimilisfólk sér vel að vanda við söng og hljóðfæraleik.

Eikarkonur fjölmenntu á sameiginlegan fund Lionskvemma í Haukahúsið á Völlunum á alþjóða baráttudegi kvenna 8. mars. Þær aðstoðuðu við grillhátíð sunnudagaskólans í Garðasókn við Garðakirkju 8. maí. Þar grilluðu þær rúmlega fjögur hundruð pylsur, sem runnu ljúflega niður með ávaxtasafa!

Vímuvarnahlaupið fyrir 5. bekk var að venju á dagskrá í maí og voru fjórir af grunnskólum bæjarins heimsóttir, Hofstaðaskóli, Vífilsskóli Hjallastefnunnar, Flataskóli og Sjálandsskóli. Tveir ungir íþróttamenn úr Stjórnunni, þau Ingimundur Jóhannsson, sem er í landsliði unglunga í körfubolta og Stefanía Theodórsdóttir, sem er í meistaraflokki í handbolta, fræddu börnin um skaðsemi vímuefna og um hollt lífverni.

Á lokafundi starfsársins var haldið happdrætti til stuðnings framboði Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur til alþjóðaforseta Lions, sem klúbburinn er mjög stoltur af. Hún færði okkur nýjan féлага, tengdadóttur sína, Gerði Guðmundsdóttur. Tilkynnt var um nýjan Melvin Jones féлага, Erlu Lúðvíksdóttur, og var henni vel fagnað. Steinunn Jóhannsdóttir lét af embætti formanns og Anna Nilsdóttir tók við ásamt nýrri stjórn.

Þar með lauk viðburðaríku og skemmtilegu starfsári.


Samskipta- og fjölmiðlanefnd, Sigurveig Sveinsdóttir og Dröfn Farestveit.



Stjórnarskipti.



Strengjakvartett á jólafundi.



Leynigestur á jólafundi.



Grillveisla við Garðaholt.



Pönnukökuveisla í Ísafold.



Vímuvarnahlaup – Verðlaunaafhending vinningsliðs Hofstaðaskóla.



Happdrættisvinnningar í forgrunni á lokafundi.



Vímuvarnahlaup – Vinningslið Flataskóla með bikarinn.



Erla Lúðvíksdóttir, nýr Melvin Jones félagi ásamt Steinunni Jóhannsdóttur, formanni.



Eikarkonur í Haukahúsi.



Inntaka nýs féлага.

Fréttir frá Lionsklúbb Dalvíkur



Árshátíð með Sunnukonum.



Félagar í Kótiletufélagi Íslands.



Simon Páll gerður að Melvin Jones féлага.

Starfsárið hefur verið með hefðbundnu sniði eins og síðustu ár. Við tókum þátt í sykursýkisvarnardegnum ásamt Lionsklúbbnum Sunnu og sitthvað fleira gerðum við með þeim. Við heimsóttum Dalbæ heimili aldraðra með þeim og síðast en ekki síst þá héldum við árshátíð með þeim og var það hin besta stund þar sem Kótiletufélag Íslands sá um veitingar.

Þetta árið heimsóttum við féлага okkar í Lionsklúbbnum Höfða en það hefur skapast hefð á milli klúbbanna að heimsækja hvor annan, annað hvert ár.

Það hefur fjölgað í klúbbnum um einn og annar meðlimur var gerður að Melvin Jones heiðursféлага.

Kveðja Jón Arnar



Heimsókn á Hofsó.



frá Dalbæjarheimsókn.



Magnús G ásamt meðmælanda og formanni.

Minning + Stefán Skaptason



Okkur langar að minnast vinar okkar og Lionsbróður Stefáns Skaptasonar yfirlæknis og prófessors. Stefán fæddist 18. febrúar 1928 á Siglufirði. Hann lauk læknaprófi frá HÍ 1956 og sérfræðinámi í Svíþjóð í háls-nef-og eyrnalækningum (HNE). Hann sótti sérfræðinám einnig í Þýskalandi og Danmörku. Hann var ráðinn yfirlæknir við nýstofnaða HNE-deild Borgarspítalans í september 1969 og vann þar til loka starfsaldurs 1996. Mjög stuttu eftir heimkomu hélt Stefán fyrirlestur um mögulegar smásjáraderðir með nýjum tækjum á fundi Njarðar. Hrifust menn mjög af þessu og í framhaldi af þessu gekk Stefán í Lionsklúbbinn Njörð í nóvember 1969. Þetta leiddi til þess að Njörður varð megin styrktaraðili HNE deildar Landspítalans til margra ára og setti verulegt fjármagn af styrktarsjóði sínum til tækjakaupa fyrir deildina. Stefán hélt gott bókhald um allar þessar gjafir og sendi okkur fyrir nokkrum árum yfirlit yfir allar gjafir allra Lionsklúbba til deildarinnar og uppreiknað var það 2005 á þriðja

hundrað miljónir. Sjúkrahús landsins eru því enn í dag háð gjafafé frá líknarfélögum. Stefán var ötull að taka þátt í fjáröflun Njarðar og tók meðal annars þátt í að pakka inn jólapappír sem Njarðarfélagar seldu síðan í fjáröflunarskíni og var Njörður frumherji á þeim vettvangi. Skemmtileg saga er af Stefáni við sölu á jólapappír í anddyri Borgarspítalans en því söluferli kom hann á og allur ágóðinn rann til HNE deildarinnar. Voru þeir félagar hans með fullan sjúkrahúsavagn af pappír og Stefán afhenti öllum sem komu í heimsókn bréf þar sem hann útskýrði tilgang söfnunarinnar. Rétti hann fólki bréfið með þessum orðum: „hérna góði/góða gjörðu svo vel og lestu þetta og komdu svo aftur og kaupu jólapappír“. Seldist enda vel af pappírnum. Fyrir sitt góða starf veitti Njörður honum æstu viðurkenningu Lions hreyfingarinnar, og gerði hann að Melvin Jones féлага í júní 1997. Stefán andaðist á heimili sínu þann 09.04. 2015. Njörður þakkar Stefáni vegferðina, allan vinskapa og dugnað í Lionsstarfinu


Njörður sendir eftirlifandi konu Stefáns Maj Vivi-Anne Skaptason og fjölskyldu innilegar samúdarkveðjur.

Arnar Hauksson ritstjóri Njarðarfréttar, Júlíus Petersen Guðjónsson stofnfélagi Njarðar, Tómas Sigurðsson formaður Njarðar.

Lionsklúbbur Akraness



Þann 22. apríl síðastliðinn varð Lionsklúbbur Akraness 60 ára. Tímamótanna var minnst með hópferð og afmælishátíð þann 7. maí s.l. Dagurinn hófst með brottför frá Skútunni á Akranesi, þaðan lá leiðin á Hvanneyri, þar sem Landbúnaðarsafnið var skoðað undir upplýsandi leiðsögn Bjarna Guðmundssonar. Þá lá leiðin í Húsafell á fund Páls Guðmundssonar listamanns, þar sem við skoðuðum verkin með skýringum hans. Þá lék Páll á hin ýmsu hljóðfæri fyrir okkur svo að undrun sætti. Margar skemmtilegar myndir eru í safni Páls og gaman að sjá þær. Að lokinni heimsókninni var farið á Hótel Húsafell. Fengum við stutta kynningu og fróðlega, um hótelið og tilurð þess. Tveir frægir fornkappar eru komnir með heimilisfesti þar, þeir Egill Skallagrímsson og Grettir Ásmundsson en myndir af þeim eru fyrir utan hótelið. Var nú ekki til setunnar boðið og fundur settur, sá 936. í klúbbnum, var hann stuttur enda eina málið á dagskrá að skipta um stjórn í Lionsklúbbi Akraness. Fljótlega eftir að fundinum lauk hófst afmælishátíðin. Á hátíðinni útnefndi Lkl. Akraness Melvin Jones félagi, Jakob Jónsson og er hann vel að þeim heiðri kominn. Þá var flutt ágríp af sögu klúbbsins og gestir ávörpuðu samkomuna. Við vorum þess heiðurs aðnjótandi að sérstakir gestir klúbbsins þetta kvöld voru þau, Guðmundur Helgi Gunnarsson fjölmundamisstjóri og Hrund Hjaltadóttir kona hans, Stefán Árnason umdæmissjtóri 109b og Vaka Jónsdóttir kona hans, og Kristinn Hannesson fyrrv. fjölmundamisstjóri og Dagný Finnsdóttir kona hans. Færðu þau klúbbnum góðar gjafir. Auk þessara góðu gesta var mökum klúbbfélaga einnig boðið og voru 35 manns viðstaddir þessa afmælishátíð. Veislustjóri var Ófeigur Gestsson og stjórnaði hann samkomunni af stakri snilld. Matur allur var mjög góður og nóg af öllu. Að hátíðinni lokinni kvöddum við Stefán umdæmissjtóra og frú, en þau keyrðu beint heim í Eyjafjörðinn. Við hin komum á Skagann um kl. 11.30. þreytt en ánægð eftir skemmtilegan og viðburðaríkan dag.



*Benjamín Jósefsson
formaður*

Sextíu ár að baki

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar er kraftmikill klúbbur sem tekið hefur þátt í hinum ýmsu verkefnum, bæði hér heima og á alþjóðlegum vettfangi. Klúbburinn hefur átt mikilvægan þátt í útbreiðslu Lions með því að stofna nýja klúbba, sem síðan stofnuðu aðra klúbba. Má rekja til þeirra 7 Lionsklúbba á Íslandi með um 230 félagar, og 2 klúbba erlendis. Lionsklúbbur Hafnarfjarðar er einn af elstu klúbbum landsins, einn af frumkvöðlum er ruddu brautina, varð sextíu ára gamall 14. apríl sl., og orðinn langafi.

Það getur verið langur tími, þegar horft er til framtíðar, til næstu sextíu ára, en ótrúlega stuttur tími þegar horft er til baka og litið yfir farinn veg. Það er margs að minnast og gaman að hafa tekið þátt í mörgum skemmtilegum verkefnum, þau tuttugu og sex ár sem undirritaður hef verið klúbbsfélagi. Margir góðir félagar, hafa ýmist hætt í klúbbum eða horfið til fedra sinna. Þeirra er saknað af okkur klúbbsfélögum, í gegnum árin áttum við margar góðar stundir saman.

Það var hinn 9. apríl sl. sem boðið var til afmælisveislu í Skútunni, þar sem við félagarnir komum saman ásamt eiginkonum, fjöllumdæmisstjóra og umdæmisstjóra. Í hófinu var meðal annars kynning á fjörutíu síðna afmælisblaði sem klúbburinn gaf út í tilefni þessa tímamóta og er það fimmta blaðið sem klúbburinn hefur gefið út á sínum starfsferli. Afmælisblaðið var gefið út í 10.000 eintökum, og var dreift ókeypis á öll heimili í Hafnarfirði og á fl. staði. Einnig var það í dreifingu á þinginu okkar nú í apríl sl. Nokkrir klúbbsfélagar fóru til Berlínar í tilefni afmælisins og ferð til Vestmannaeyja verður farin í júní. Stjórnarskipti verða í þeirri ferð eins og svo oft áður í ferðum okkar, í stjórn næsta starfsárs verða þeir, Ingvar Viktorsson formaður, Jón Gunnar Stefánsson ritari og Jón Rúnar Jónsson gjaldkeri.

Klúbbstarfið hefur verið með besta móti nú í vetur og mæting mjög góð og félagsandinn þar með í besta lagi. Eins og áður hefur klúbburinn styrkt hina ýmsu aðila og nú síðast var Björgunarsveit Hafnarfjarðar veittur veglegur styrkur til kaupa á sporhundi og Guðrún Björt fékk góðan stuðning til forsetaframbóðs. „Byggjum upp en rífum ekki niður“ er ein af meginreglum Lions. Í þeim anda starfa ötulur Lionsmenn í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar.

*Friðgeir H. Guðmundsson
Blaðafulltrúi LkH.*

